

Mánudaginn 6. nóvembermán.

Nr. 17/1876:

Halldór Jónsson

gegn

bæjarstjórninni á Ísafirði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað af bæjarfulltrúunum á Ísafirði gegn Halldóri Jónssyni á Tungu í Eyrarhreppi út af því, að hann á tímabilinu frá 31. október til þess fyrst í desember í fyrra hafði látið taka 14 poka af kræklingi, en hjer um bil hálf tunna var í hverjum þeirra, af granda þeim, er gengur fram af Suðurtanganum þar í kaupstaðnum; fyrir þetta ljettu bæjarfulltrúarnir fyrst kalla tjeðan Halldór fyrir sáttanefnd, og er sáttum varð þar eigi á komið, ljettu þeir höfða lögreglumál gegn honum, og felldi bæjarfógetinn þar 29. marz þ. á. í málinu svo felldan dóm, að Halldór skyldi lúka fyrir beituna 24 krónur til bæjarsjóðs kaupstaðarins og þess utan 16 krónur í málskostnað til þess, er færði málið fyrir bæjarfulltrúana. Þessum dómi hefur nú Halldór skotið til yfirdómsins og krafizt þar: fyrst og fremst, að dómurinn og öll meðferð málsins verði dæmt ómerkt, og til vara, að hann verði dæmdur sýkn af kröfum hinna stefndu, og þeir skyldaðir til að greiða sjer málskostnað fyrir báðum rjettum skaðlaust eða með einhverju nægilegu.

Að vísu hefði nú átt að höfða mál þetta sem reglulegt einkamál, en með því áfrýjandinn þó ekki hafði á móti því við undirrjettinn, að málið væri höfðað sem lögreglumál, og það verður eigi heldur á hinn bóginn sjeð, að rjettur hans við þetta hafi verið neitt aflaga borinn, þá virðist eigi ástæða til að ónýta málið sökum þessa. Að því málið sjálft snertir, þá hefur áfrýjandinn einkum borið það fyrir sig, að bæjarbúum hafi eigi

áður verið bannað að taka eða láta taka krækling í landi bæjarins, og að hann hafi fengið leyfi til þess hjá einum bæjarbúa, verzlunarstjóra V. Holm, er þar að auki álití, að grandinn sje eign húsbænda sinna, Sass & Sönnar í Kaupmannahöfn, og liggi undir verzlunarhús þeirra þar á Suðurtanganum. Með því nú mál þetta eigi gengur út á að fá aptur beituna hjá áfrýjanda, er og fyrir löngu mun vera búinn að eyða henni, heldur út á það, að fá skaðabætur hjá honum fyrir hana, þá er hjer að eins spurning um það, hvort áfrýjandinn verði álitinn skyldur til að borga bæjarsjóðnum beituna; en í þessu tilliti ber að gæta þess, að áfrýjandinn, eins og hjer stóð á, ekki hafði neina ástæðu til að vefengja þá sögusögn verzlunarstjóra Holms, að grandinn lægi undir verzlunarhús húsbænda hans, og að Holm því væri heimilt að leyfa beitutökuna. Hann gat því engan veginn verið skyldur til að bera ábyrgðina af leyfi því, er Holm, sem þóttist hafa umráðin yfir grandanum, gaf honum. Hjer við bætist það, að það virðist auðsætt af skjölum málsins, að á þeim tíma, er áfrýjandinn tók beituna, sem hann er kærður fyrir, hefur ekkert verið skipt sjer af því, þó bæjarbúar tækju eða ljetu taka beitu í landareign kaupstaðarins, heldur sýnist sem fyrst hafi verið farið að skipta sjer af þessu 14. desember f. á.; en af þessu leiðir aptur, að bæjarsjóðnum eða bæjarstjórninni voru engin rangindi gjörð eða rjettarmissir af áfrýjanda, þó hann, samkvæmt leyfi eins bæjarbúa, tæki beitu í landi bæjarins eða notaði sjer það, er bæjarstjórnin þá ekkert hirti um. Af þessum ástæðum ber því að dæma áfrýjandann sýknar fyrir kröfum hinna stefndu. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir málavöxtum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn Halldór Jónsson á að vera sýknar af

kröfum og kærum hinna stefndu, bæjarfulltrúanna á Ísafirði í máli þessu. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Nr. 20/1876

Guðríður Gunnlaugsdóttir

gegn

Ásgeiri Finnbogasyni.

D ó m u r.

Með yfirdómsstefnu, dagsettri 19 júní þ. á., hefur Guðríður Gunnlaugsdóttir á Deildarkoti á Álptanesi, að fenginni uppreisn og gjafsókn, áfrýjað til yfirdómsins úrskurði, kveðnum upp fyrir skiptarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu 29. júlímán. f. á., þar sem skiptaráðandinn neitar að taka bú bróður hennar, Sigurðar heitins Gunnlaugssonar, til skipta, og hefur hún krafizt, að nefndur úrskurður verði felldur úr gildi og hlutaðeigandi skiptaráðandi skyldaður með dómi til að taka bú Sigurðar til reglulegrar skiptameðferðar, svo og að hinn stefndi, Ásgeir dannebrogsmáður Finnbogason á Lundum, verði dæmdur til að borga málskostnað með 50 krónum eða einhverju nægilegu. Aftur á móti hefur hinn stefndi krafizt, að úrskurður skiptaráðandans verði staðfestur.

Málavextir eru þeir, að með gjörningi 22. september 1874 afhenti Sigurður Gunnlaugsson hinum stefnda, Ásgeiri Finnbogasyni, allar eigur sínar þá þegar gegn því, að hinn stefndi annaðist hann, meðan hann lifði, og að honum látnum gjörði útför hans heiðarlega; en 4. apríl árið eptir gjörði nefndur Sigurður þá ráðstöfun eigna sinna eptir sinn dag, að systir hans Guðríður skyldi erfa tvær jarðir, sem nefndar eru í arfleidslubrjefinu og allt lausafje og útistandandi skuldir, en hinn stefndi skyldi eignast eina nafngreinda jörð. Þegar Sigurður skömmu seinna var látinn, krafðist Guðríður